

ARTHUR SCHOPENHAUER

I

Einn dag, haustið 1901, er ég, nýkominn til bæjarins, leit inn á Landsbókasafninu, varð fyrir mér þykk bók, sem undireins bauð af sér einkennilega góðan þokka. Þetta var annað bindið af höfuðriti Schopenhauers, *Welt als Wille und Vorstellung*, og Grímur Thomsen hafði átt bókina. Ég hafði vitanlega bæði heyrt og séð getið um Schopenhauer og heimspeki hans, en án þess að það vekti hjá mér nokkra löngun til að kynnst honum; og rit hans hafði ég ekki haft handa á milli. En nú hafði ég skamma stund lesið, áður mér fannst sem þessi tvö stóru, þykku bindi, yrði ég að lesa frá upphafi til enda, og las ég síðan mest af því sem Schopenhauer (*Sjópenháer*) hefir ritað, en hann mun vera mestur rit-snillingur allra heimspekinga á síðari tímum, ef t. v. að Nietzsche einum undanskildum. Og þó var snillingi þessum í fyrstu svo lítill gaumur gefinn, að upplagið af fyrra bindinu af aðalriti hans var selt sem umbúðapappír. Frægur fór Schopenhauer ekki að verða fyrir en um fimmtugt, og sú frægð var þá ekki alltaf æskilegrar tegundar. Þýski kanslarinn Bernhard v. Bülow, sem á barnsaldri átti heima í sömu borginni og Schopenhauer, getur þess í endurminningum sínum, að bæði húskennarinn og húslæknirinn, hafi sagt sér frá Schopenhauer, en aðeins til að niðra honum. Þrátt fyrir það varð þó spekingur þessi seinna meir einn þeirra rithöfunda, sem hinn bráðgáfaði Bülow hafði mestar mætur á.

II

Það sem einkum má telja Schopenhauer til ágætis er að skilningur hans á eynd mannlegs lífs, var svo miklu gleggri

og næmari en annarra heimspekinga. Hann fann að hin mesta nauðsyn er á stefnubreytingu, Wendung des Willens, er hann nefnir svo. En þar komst hann þó í vandræði, því að hann hafði ekki gert sér ljóst, að lífsstefnurnar geta verið tvær, og þá vitanlega ekki heldur, að skipta má um frá illu stefnunni til hinnar góðu. Hann lætur sér því ekki nægja minna en að viljinn til lífsins (der Wille zum Leben) hverfi algerlega. „Das Leben is etwas das besser nicht wäre,“ segir hann: lífið er það sem betur færi, að ekki væri til.

III

Schopenhauer var vitanlega miklu erfiðara um, þar sem hann þekkti ekki framsóknarsögu lífsins, vissi ekki að líftegundirnar geta breyst og sótt fram til meiri fullkomunar. Hann dó 1860, árið eftir að rit Darwins um uppruna líftegundanna kom út, er sennilega má telja eina áhrifamestu bók 19. aldarinnar. Sú bók kom þó of seint til að geta haft áhrif á Schopenhauer; en hálfri öld áður hafði Lamarck í riti sínu Philosophie Zoologique, af ágætri snilld reynt að sýna fram á ganginn í framsóknarsögu lífsins, og það rit hafði Schopenhauer kynnt sér, þó að hann léti ekki af því sannfærast um breytileik tegundanna. En það sýnir hver vitringur Schopenhauer var, að hann lét sér samt skiljast, að þarna var um frábæran andans mann að ræða, „der grosse Lamarck“, segir hann, áður en að var farið að tíðkast, að komast svo að orði um hinn mikla náttúrufræðing, sem fyrstur skildi, að dýr jarðarinnar skiptast í tvær aðaldeildir, hryggdýr og hryggleysingja.

IV

Annað úr heimspeki Schopenhauers, sem fróðlegt er að virða fyrir sér, er kenning hans um líf eftir dauðann. Hann taldi sjálfsgagt, að einstaklingurinn mundi lifa þrátt fyrir dauðann, en þó þannig að hann fæddist aftur og aftur hér á jörðu (palingenesis nefnir hann það). En að hans ætlan hafði hið endurborna fólk engar endurminningar um að það hefði lifað áður; fyrra líf var gersamlega þurrkað út úr

meðvitundinni. En þar hefir spekingnum verst skjátlást, því að vísu lifa menn aftur líkamlegu lífi, en það er ekki hér á jörðu. Og svo fer fjarri því, að menn gleymi sínu fyrra lífi, að í framlífinu er hin mesta áhersla lögð á það, að menn muni undangengið líf sem vandlegast, og geri sér sem fullkómasta grein fyrir því, hvað hafði í lífi þeirra verið rétt, eða helst í þá átt, og hvað rangt. Og er það ekki í augum uppi, að þannig hlýtur það að vera, og að slík þekking er mönnum ómissandi, ef þeir eiga að geta látið sér fara fram? En að því stefnir allt, þegar komið er á hina réttu leið, að ávallt sé lifað fullkómna lífi en áður. Hin sigursæla sókn fram til sífellt vaxandi fullkómunnar, er hin æðsta sæla. Á hinni réttu leið er ekki einasta engin afturför, heldur engin kyrrstaða. Og ef menn hugleiða mikilleika heimsins, munu þeir skilja, að viðfangsefni lífsins eru býsna mörg og mikil og munu lengi endast.

V

Þrátt fyrir allt, er Schopenhauer einn þeirra rithöfunda sem ég á mikið að þakka. Það er svo margt sem hann hefir skilið rétt og sagt ágætlega. Og það var svo mikils vert að skilja, að lífið eins og það er hér á jörðu, er það sem ekki á að vera.

Nietzsche kvað svo um Schopenhauer:

Was er lehrte is abgethan,
Was er lebte wird bleiben stahn.

Það sem segir í fyrra vísuorði er nú að vísu miður rétt, því að ekki er allt sem Schopenhauer kenndi, úr gildi gengið. En hitt er vel sagt. Því að líf spekingins var að því leyti sígild fyrirmynd, sem hann varði því umfram allt til að leita sannleikans.